



Fjölbrautaskóli Suðurlands

Inniklæðningar

INNK2HH05

Kennsluáætlun – vor 2021

Kennari/ar: Óskar G. Jónsson

Skammstöfun: ÓGJ

Áfangalýsing:

Í áfanganum er fjallað um létt byggingavirki innanhúss með áherslu á útfærslur og klæðningu veggja, lofta og gólfa. Gerð er grein fyrir uppsetningu einstakra grindar- og klæðningakerfa, efnisnotkun, festingum, einangrun, áhöldum, tækjum og vinnuaðferðum. Nemendur læra um smíði léttra innveggja úr blikkstoðum, klæðningu þeirra með gifsplötum, uppsetningu niðurhengdra kerfislofta og lagningu mismunandi parkets m.m. Sérstök áhersla er lögð á útfærslur og frágang á léttum byggingavirkjum í votrymi. Í áfanganum er fjallað um einangrun, útveggja og lofta sem og frágang á rakavörn, einnig er fjallað um eldvaranveggi og hljóðeinangrun húsa. Kennslan er að mestu bókleg og hugsanlega verður farið í heimsóknir í fyrirtæki, stefnum að því.

Markmið er að nemendur:

- Viti hvernig á að einangra útveggi og loft timburmannvirkja
- Viti hvernig á að ganga frá rakavörn léttbyggðra húsa
- Viti hvernig á að ganga frá lagnagrind útveggja og lofta
- Viti og hafi skoðanir á því hvernig á að klæða loft út frá mismunandi klæðningarefnum
- Viti hvernig á að byggja upp timburveggi, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja úr blikkstoðum, einangra og klæða
- Viti hvernig á að byggja upp léttu veggja í votrymum
- Þekki til mismunandi keffisveggja og kerfislofta, smíði og uppsetningu
- Þekki efni, festingar, áhöld og tæki til smíði og uppsetningu veggja og lofta
- Þekki til gifs og annarra klæðningarefna
- Þekki reglur og leiðbeiningar um styrkleika, eldvarnir, hita- og rakaeinangrun
- Þekki helstu gerðir af gegnheilu og fljótandi parketi og eiginleika þeirra
- Þekki efni, áhöld og vinnuaðferðir við lagningu, slípun og yfirborðsmeðferð á nýju og eldra parketi
- Þekki öryggisreglur og öryggisbúnað

Námsefni:

Inniklæðningar og einangrun, kennslubækur sem stuðst er við. Verkefni frá kennara, ljósrit, leiðbeiningar framleiðanda, efni af neti o.fl. Legg til að nemendur eignist bókina Gifsplötur uppsetning veggja.

Áætlun um yfirferð og verkefnaskil:

Verkefni unnin í kennslutímum eða eftir því sem mælt er fyrir um vinnu og skil verkefna.

Vika	Dagsetning	Námsefni – viðfangsefni	Próf- verkefni
1 – 2	7 til 10 jan.	Upphaf kynning. Lagt af stað með bókina inniklæðningar.	
3 – 4	11 til 24 jan	Haldið áfram	Verkefni 1
5 – 6	25 til 07 feb.		Verkefni 2
7 – 8	08 til 21 feb.		Verkefni 3
9 –10	22 til 06. mars		Verkefni 4
11 –12	8 til 20 mars	Páskafri 28 mars til 06. apríl	Verkefni
13 -14	22 til 3. Aprl.		Verkefni 5
15 -16	05 til 17 apríl		Verkefni 6
17-18	19 til 07 maí		Verkefni

Námsmat:

Krafa er gerð um góða mætingu, samvinnu og virka þátttöku í umræðum í áfanganum. Leið og nemandi fer að tjá sig og taka þátt í umræðum um námið og það sem verið er að kenna hverju sinni eru líkur á að nemandinn skilji það sem við erum að fjalla um hverju sinni og bæti þannig stöðugt á þekkingu sína á námsefninu.

Almennt skal skila verkefnum í Innu. Teikningar og efnislistar geta í sumum tilfellum verið skilað beint til kennara.

Almennt gilda skólareglur Fsu um námið eins og varaðndi mætingar og notkun á sínum í tímum.

Fyrirkomulag námsmats:

Þátttaka í tímum, rökræða	15 %
Verkefni 1	10%
Verkefni 2	15%
Verkefni 3	15 %
Verkefni 4	15 %
Verkefni 5	15 %
Verkefni 6	15 %

Kennsluáætlun er gerð með fyrirvara um breytingar.